

Dagskrá

1. Lýsing heimreiða í sveitarfélaginu
2. Kálfshamarsvík, deiliskipulag – staða mála
3. Skólamál – skólaakstur
4. Vegagerð
5. Innheimtumál
6. Göngur
7. Bréf
 - a. [Rarik fundur 26. ágúst 2022](#); Eyvindarstofu á B&S 16:30
8. Fundargerðir
 - a. [Fundargerð 80. fundar SSNV 9. ágúst 2022](#)
9. Önnur mál

Fundargerð

Sveitarstjórnarfundur haldinn á netinu með Teams þann 11.ágúst 2022 kl. 20:00, mætt á fund voru Vignir Sveinsson, Bjarney Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Erla Jónsdóttir sem setti og stýrði fundi.

Í upphafi var kannað hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki þannig gengið var til dagskrár.

1. Lýsing heimreiða í sveitarfélaginu
Samþykkt var að Skagabyggð myndi óska eftir tilboðum í ljósastaura ásamt uppsetningu þeirra á heimreiðum í sveitarfélaginu, lagt er upp með led ljósastaura sem ná um 4 metra upp úr jörð.

Samþykkt var að sveitarfélagið myndi styrkja framkvæmdina um allt að 3 staura á heimreið með uppsetningu og kapal að húsvegg án vsk þar sem verið er með lögheimili miðað við 1.desember 2022.

Samþykkt var að fela oddvita að kalla eftir áhuga íbúa á að taka þátt í verkefninu og einnig að bjóða öðrum að kaupa fleiri staura og frístundahúsaeygndum sömuleiðis að kaupa staura með uppsetningu.

2. Kálfshamarsvík, deiliskipulag – staða mála
Vignir og Bjarney kynntu stöðu mála og eru þau í vinnslu.
3. Skólamál – skólaakstur

Erindi hefur borist frá skólabílstjórunum þar sem þau benda á að taxtinn hefur ekki hækkað síðan vorið 2018. samþykkt er að hækka greiðslur sem nemur hækkun launavísitölu á tímanum.

Samningur um samstarf Höfðahrepps og Skagabyggðar. Gildandi samningur er lagður fram til kynningar.

4. Vegagerð
Vinnu við viðhald á styrkvegum fyrir það styrkvegafé sem úthlutað var á árinu var skipulögð.
5. Innheimtumál
frestað til næsta fundar.
6. Göngur
Rætt um tilhögun funda varðandi göngur, það verður með hefðbundnum hætti.
7. Bréf
[Rarik fundur 26. ágúst 2022](#); Eyvindarstofu á B&S 16:30 lagt fram til kynningar.
8. Fundargerð lögð fram til kynningar

[Fundargerð 80. fundar SSNV 9. ágúst 2022](#)
9. Önnur mál

Unglingavinnan er að ljúka vel unnum störfum enda skólinn að hefjast fljótlega. Áhugi er fyrir að halda grillveislu fyrir krakkana og sveitunga alla í Skagabúð. Oddvita er falið að ræða við kvenfélagið Heklu um framkvæmdina.

Fjarskiptalán. Ákveðið er að kanna með kostnað við að greiða eftirstöðvar af því láni.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið kl 22:50

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Bjarney Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson